

## **Fundur í skólaráði Öxarfjarðarskóla fimmtudaginn 27.mars kl. 16:00**

Mættir: Christoph Wöll, Thomas Helmig, Charlotta Englund, Guðlaug Anna Ívarsdóttir, Arna Ósk Arnbjörnsdóttir og Hrund Ásgeirsdóttir.

Lilja Karen Alexandersdóttir fulltrúi nemenda fékk kynningu á efni fundarins hjá skólastjóra á skólatíma.

### **Dagskrá:**

1. **Skóladagatal leik- og grunnskóladeilda 2025-2026** - drög til umræðu.
2. **Innra mat á skólastarfi**- kynning á niðurstöðum spurningakannana og umræða um úrbætur
3. **Niðurskurðartillaga** v/ kjarasamninga kennara
4. **Önnur mál**
  - a. Sundkennsla í vor og haust 2025 (fyrir skólaárið 2025-26)
  - b. Öryggi, aðbúnaður og framkvæmdir- Öryggishandbók, skólahúsnæði, skólalóð og forvarnaráætlun.
  - c. Framkvæmdir – Ný útidyrhurð rafdrifin 9.apríl
  - d. Áhættumat

### **Skóladagatal leik- og grunnskóladeilda 2025-2026**

Kynnt voru samþykkt dagatöl leik- og grunnskóladeilda fyrir komandi skólaár 2025 – 2026. Fyrirhuguð er fræðsluferð alls starfsfólks skólans til Finnlands í haust (22.-26.október) til að kynna sér margumrætt skólastarf þar en Finnar hafa m.a. verið ofarlega í PISA könnunum undanfarin ár. Þá er einnig gert ráð fyrir að starfsfólk leikskólans taki aftur styttingu vinnutímans milli jóla og nýárs sem og í dymbilvikunni. Engar athugasemdir voru gerðar og dagatölin samþykkt.

### **Innra mat á skólastarfi**

Helstu niðurstöður spurningakannana meðal foreldra og nemenda kynntar og samanburður milli ára. Einn og sami spurningalisti var sendur á allan foreldrahópinn. Frá og með næsta vetri verður stuðst við *Skólapúlsinn* sem er staðlað matskerfi fyrir skóla og gefur samanburð við landið.

Kannanir (foreldrar, nemendur og starfsfólk)– niðurstöður kynntar og verða settar á heimasíðu skólans.

### **Niðurskurðartillaga.**

Skólastjóra Öxarfjarðarskóla er gert að koma með tillögum að niðurskurði næsta skólaár um rúmar 4,7 milljónir v/kjarasamningshækkunar kennara. Ekki er af miklu að taka nema skera niður starfshlutföll. Í því sambandi viðraði skólastjóri að hægt væri að stytta skóladag nemenda um 20-25 mín á dag. Ekkert ennþá ákveðið í þeim efnum.

## Önnur mál:

- a. **Sundkennsla.** Stefnt er á sundkennslu strax að loknu páskafríi fram til 19.maí. Um er að ræða 17 daga ef allt gengur sem skyldi (veður o.fl) en reiknað er með að kenna 4 daga í viku þannig að nemendur ættu þá að fá 68 klst á vorönninni. Í haust er síðan aftur reiknað með sundkennslu en þá fyrir allt skólaárið vegna þess að stefnt er að framkvæmdum á lauginni 2026 – 2027. Þá er stefnt á að kenna strax frá skólabyrjun og fram í nóvember eða eins lengi og veður leyfir. Nemendur eiga að fá 20 klst að lágmarki yfir skólaárið. Einnig kom áréttning frá Menntamálaráðuneytinu þess efnis að allir nemendur skuli stunda sund út skólagönguna. Tílefnið er að sumir skólar hafa verið að veita unglingum undanþágu í sundi á þeim grundvelli að þeir hafi staðist 10.bekkjár próf í sundi. Í dreifibréfi til skólastjórnenda kom m.a. fram:

*Í ágúst 2023 voru jafnframt gerðar breytingar á kafla 16 aðalnámskrár grunnskóla þar sem fjallað er um undanþágur frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein. Þar er minnt á rétt barna til menntunar og gert ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo slík undanþága sé veitt. Í aðalnámskrá eru líka viðmið um verklag vegna beiðna um undanþágur frá skyldunámi. Í aðalnámskránni kemur fram að þrátt fyrir möguleika á að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða þessum nemendum upp á að dýpka hæfni sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum í tíu ár. Mennta- og barnamálaráðuneytið beinir tilmælum til allra grunnskóla landsins og sveitarfélaga að yfirfara útfærslu á sundkennslu á unglingastigi og tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi aðalnámskrá grunnskóla bæði þegar kemur að skipulagi skólasunds og veitingu undanþága frá skyldunámi í skólasundi.*

## b. Öryggi og aðbúnaður.

- a. **Aðgengi að vörumóttöku fyrir mötuneytið.** Skólastjóri hefur fengið þær upplýsingar að ekki standi til að fara í breytingar á næstunni
  - b. **Skólalóð – Leikskólalóð.** Rætt um brýna nauðsyn þess að bæta úr afþreyingu fyrir nemendur t.d. rólum þar sem lítið er í boði fyrir þau.
  - c. **Skólahúsnæði** – búið að teikna upp nýtt brunavarnakerfi og einnig að greina hljóðvistina en ekkert komið til framkvæmda
  - d. **Öryggishandbók – Forvarnaráætlun.** Bent á hvar hægt er að lesa sér til um ýmis öryggisatriði og einnig forvarnaráætlun skólans.
- c. **Framkvæmdir** – endurbættur aðgangur inn um aðaldyr skólans í byrjun apríl. Til stendur að fara í endurbætur á þaki skólans í sumar.
- d. **Áhættugreining** – byrjað er að vinna sérstaka áhættugreiningu fyrir skólann sem tekur á gæðum, umhverfi og öryggi þar sem áhættuþáttur er sérstaklega tekinn út og greindur á kvarðanum 1- 5 með hversu mikil áhætta/ líkur eru á að slys hljótist af. Samhliða áhættugreiningunni er einnig gerð úrbótaáætlun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið,  
Hrund Ásgeirsdóttir